



# **Skapandi nám – áhugasamir nemendur**

Unnið í Heiðarskóla í Reykjanesbæ

2011–2012

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Verkefnisstjórar:

Haraldur Axel Einarsson  
Þóra Guðrún Einarsdóttir

## **Efnisyfirlit**

<b>1.</b>	<b>Upphaf og markmið þróunarverkefnisins .....</b>	<b>3</b>
<b>2.</b>	<b>Leiðir sem valdar voru.....</b>	<b>3</b>
<b>3.</b>	<b>Frávik miðað við áætlun verkefnisins .....</b>	<b>7</b>
<b>4.</b>	<b>Helsti ávinnungur við verkefnið .....</b>	<b>7</b>
<b>5.</b>	<b>Mat á verkefninu .....</b>	<b>8</b>
<b>6.</b>	<b>Niðurstöður verkefnisins.....</b>	<b>9</b>
<b>7.</b>	<b>Kynning á verkefninu .....</b>	<b>9</b>

## 1. Upphof og markmið þróunarverkefnisins

Skólaárið 2010–2011 unnu bóknámskennrarar í 7.–10. bekk í Heiðarskóla þróunarverkefnið *Áhugasamir nemendur – árangursríkara skólastarf* sem hafði þann tilgang að þróa kennsluaðferðir og vinnubrögð sem miðuðu að því að efla áhuga nemenda á unglungastigi á námi sínu. Kennrarar voru sammála um að verkefnið skilaði góðum árangri fyrir skólastarfið á mörgum sviðum. Í kjölfarið var ákveðið að fara í svipað verkefni á miðstigi undir yfirskriftinni *Skapandi skólastarf–áhugasamir nemendur*. Sprotasjóður styrkti verkefnið og þökkum við fyrir það.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funduðu með umsjónarkennurum í 4.–7. bekk vorið 2011 og kynntu fyrirhugað verkefni fyrir þeim. Ákveðið var að fara í verkefnið skólaárið 2011–2012.

Markmið verkefnisins var skilgreint eins og hér greinir:

- að efla áhuga og metnað nemenda á miðstigi á námi sínu
- að efla skapandi nám þar sem m.a. væri lögð áhersla á gagnrýna hugsun
- að kennrarar ígrunduðu starfshugmyndir sínar og kennsluaðferðir
- að efla faglegt samstarf kennara á miðstigi
- að bæta námsrárangur nemenda á miðstigi

Haraldi Axel Einarssyni og Þóru Guðrúnu Einarsdóttur, kennurum á unglungastigi, var falið að stýra verkefninu en þau höfðu tekið þátt í unglungastigsverkefninu. Einnig var leitað til Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við HÍ um ráðgjöf við verkefnið. Framlag hans fólst einkum í því að vera Haraldi og Þóru innan handar, veita þeim ráðgjöf um einstaka verkþætti, auk þess að halda kynningu á leikjum sem kennsluaðferð á miðstigi.

Í skýrslunni verður gerð grein fyrir nokkrum leiðum sem kennrarar völdu og lagt mat á hvernig verkefnið tókst.

## 2. Leiðir sem valdar voru

Á fyrsta fundi haustið 2011 var gerð verkáætlun þar sem stuðst var við hugmyndir stjórnenda verkefnisins og kennaranna. Farið var yfir markmið verkefnisins og gerðar áætlanir um hvernig vinna ætti að því að ná þeim. Ákveðið var að vinna markvisst að því að efla fjölbreytni í kennsluháttum m.a. með skapandi viðfangsefnum með það að markmiði að efla áhuga nemenda á námi. Gengið var út frá því að mikilvæg forsenda þess að nemendur næðu góðum árangri væri að þeir væru áhugasamir um námið.

Á haustmisserinu var farið í nokkrar skólaheimsóknir (sjá síðar) og fimm vinnufundir voru haldnir.

Vorið 2012 voru haldnir 12 fundir, fjórir vinnufundir, einn fundur þar sem Ingvar Sigurgeirsson leiðbeindi um leiki í kennslu, sex umræðufundir, m.a. um skýrslugerð og einn matsfundur.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að kennrarar ígrunduðu starfshugmyndir sínar. Til að styrkja kennara í þeirri vinnu var leitað til Hafþórs Guðjónssonar um fræðslu og hélt hann erindi á haustdögum fyrir kennara um starfendarannsóknir og mikilvægi þess að kennrarar skoðuðu störf sín. Jóhann Björnsson heimspekingur hélt erindi í janúar um hvernig efla megi gagnrýna hugsun nemenda en eitt af markmiðum verkefnisins var að leggja áherslu á gagnrýna hugsun í skapandi námi.

Kennarar voru ánægðir með fyrirlestrana og töldu að fræðslan hefði nýst þeim vel í vinnu við verkefnið.

Á vinnu og umræðufundunum ræddu kennarar starfhugmyndir sínar og kennsluaðferðir. Þeir ræddu um að hverju þarf að huga þegar efla á áhuga nemenda og ná árangri og þeir skoðuðu hvort að kennsluaðferðir þeirra væru til þess fallnar að efla áhuga nemenda á náminu. Þeir ræddu mikilvægi þess að hafa fjölbreytta kennsluhætti og deildu hugmyndum að skapandi viðfangsefnum.

Hér verður sagt frá nokkrum af þeim leiðum sem kennarar völdu til að ná fram markmiðum verkefnisins.

## **Lestur, íslenska**

Markmið þróunarverkefnisins var m.a. að efla áhuga og metnað nemenda á námi og að bæta námsárangur.

Þar sem nemendum okkar í 4. og 7. bekk hefur ekki gengið nógu vel í lesskilningi á samræmdum könnunarprófum einbeittu kennarar sér mjög að því að skoða lestur með það að markmiði að finna leiðir til að bæta lestrarfærni. Lestur er undirstaða alls náms. Það að vera læs felst í því að einstaklingar geti nýtt sér lestur, lesið með skilningi og ritað í tengslum við dagleg viðfangsefni.

Lestur og lesskilningur var rauði þráðurinn í verkefninu fram að áramótum og fjölbreytni í viðfangsefnum var mikil. Nokkur dæmi um viðfangsefni eru orðasnúra, orðapoki, bókakynning og hringekja. Nánar er fjallað um þær leiðir hér.

## **Orðasnúra**

Nemendum var skipt í fjögurra til fimm manna hópa og hver hópur fékk ólesinn texta. Þeir áttu að lesa textann saman og strika undir þau orð sem þeir skildu ekki. Síðan átti hver hópur að segja sín orð og kennarinn skrifaði þau á töfluna. Hóparnir máttu reyna að útskýra þýðingu orðanna og kennarinn aðstoðaði ef þess þurfti. Orðin ásamt orðskýringum voru síðan hengd á snúru sem hékk inni í stofunni og blasti þannig við nemendum.

## **Orðapoki**

Til að átta sig á mismunandi orðflokkum fengu nemendur texta þar sem þeir áttu að finna orð; nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og setja þau í viðeigandi orðflokk. Unnið var með einn orðflokk í einu og nemendum skrifuðu orðin á miða og límdu á orðapoka sem hékk uppi á vegg.

## **Bókakynning**

Nemendur lásu verk eftir fyrirfram ákveðna höfunda bæði íslenska og erlenda. Þeir gerðu grein fyrir efni bókarinnar með því að gera útdrátt úr henni sem var settur á vegg stofunnar sem nokkurskonar „lestrarlest“. Þegar lestin var komin í hvert horn stofunnar var val um skemmtileg atriði t.d. bókakynningu, námsvalsdag eða útiveru.

## **Hringekja**

Nemendur fengu tækifæri til að vinna íslenskuverkefnin í hringekju. Markmið hringekjunnar var að auka orðaforða, sköpun, hópefli, þor, hugmyndaflug, tjáningu, lestur, hlustun og samvinnu. Þeim var skipt í hópa og voru fjórir til fimm nemendur í hverjum hóp. Það voru tíu stöðvar og vann hver hópur á hverri stöð í eina kennslustund einu sinni í viku. Á stöðvunum voru m.a. ýmis spil og verkefni sem kennarar útbjuggu. Stöðvarnar voru þessar:

- Scrabble: Spil þar sem nemendur eiga að draga stafi og búa til íslensk orð úr þeim.
- Krossgátugerð: Nemendur búa til sínar eigin krossgátur og í lok hringekjunnar er búið til hefti sem nemendur leysa.
- Samstæðuspil: Kennrarar útbúa spil þar sem nemendur para saman málshátt eða orðtak og útskýringu.
- Alias: Nemendur draga orð og eiga svo að útskýra orðið fyrir samspilurum án þess að segja orðið sjálft. Samspilari reynir svo að giska á orðið.
- Orð: Nemendur velja sér orð úr íslenskri orðabók og leysa verkefni þar sem þau nota orðið, t.d. fallbeygja, finna stofn, kyn, teikna mynd, búa til setningu og sögu.
- Krossgátur.
- Íslenskuspil: Borðspil þar sem nemendur draga spurningar sem þeir þurfa að svara, t.d. búðu til setningu með orðinu bók, hvernig breytist orðið vinna í nútíð, eftir persónum?

## ***Skapandi verkefni***

Eftir áramót fóru kennarar að skoða frekar skapandi verkefni í öðrum námsgreinum en íslensku.

Kennararnir gerðu sér grein fyrir því að fjölbreytni í kennsluháttum skiptir máli. Meðal annars var nauðsynlegt að tengja námsefnið áhugasviði nemenda og styrkja sjálfstæði þeirra. Þeir mátu það svo að ein leið til að efla áhuga nemenda á náminu væri að bjóða þeim upp á fleiri skapandi viðfangsefni. Með auknum áhuga á náminu væru miklar líkur á því að námsárangur yrði betri.

Unnið var að mörgum áhugaverðum verkefnum og eru hér nefnd nokkur dæmi.

### **Árstíðirnar**

Nemendum var skipt í hópa og hver hópur átti að gera klippimynd með einkennum þeirrar árstíðar sem hann fékk. Fyrirmælin voru þau að nemendur máttu ekki nota skriffaði, þeir mættu eingöngu nota skær, lím, blað- og efnisbúta. Nemendur höfðu gaman að þessu verkefni og skemmtilegt var að sjá útkomuna hjá hópunum þegar ímyndunaraflid fékk að ráða. Einnig reyndi verkefnið mikið á samvinnu nemenda þar sem ýmis atríði þurfti að leysa svo lokaniðurstaðan yrði góð.

### **Fjöll**

Nemendur lásu námsefni um fjöll, ræddu um það og unnu skapandi verkefni úr efninu. Þeim var skipt í tveggja til þriggja manna hópa og hver hópur fékk eitt fjall. Þeir áttu að finna upplýsingar um fjallið sitt og skrifa þær í lítinn bækling, teikna eða líma mynd af fjallinu framan á bæklinginn og líma bæklinginn á Íslandskort. Nemendur bjuggu til trölladeig sem þeir mótuðu fjallið sitt úr eftir ljósmynd. Að lokum var fjallið málað.

### **Norðurlönd**

Nemendum var skipt í hópa og hver hópur vann með eitt Norðurlandanna. Veggspjöld voru gerð um hvert land fyrir sig. Hóparnir bjuggu til auglýsingar með landkynningu og kynntu fyrir skólasystkinum sínum. Þeir bjuggu til spurningar um landið sem notaðar voru í próf sem allir leystu í lokin.

### **Plánetur**

Nemendum var skipt í hópa og hver hópur vann með eina plánetu. Fyrst öfluðu nemendur sér upplýsinga um plánetuna sína og skráðu hjá sér. Síðan voru unnin veggspjöld þar sem teiknuð var mynd af plánetunni

og skráðar upplýsingar um hana. Að lokum útbjó hver hópur líkan af plánetunni. Afrakstur þessa verks hangir á vegg í skólanum.

## Dúkkulísur

Nemendur bjuggu til dúkkulísur í dönsku. Ýmsar upplýsingar á dönsku áttu að koma fram á veggspjaldi um hverja persónu sem dúkkulísan átti að tákna s.s. nafn og aldur, útlitslysing, persónugerð, kynning á fjölskyldu, áhugamál, uppáhaldsmatur og lýsing á venjulegum degi í lífi persónunnar.

Bæði nemendur og kennrar höfðu mjög gaman af þessu verkefni og voru veggspjöldin bæði fjölbreytt og skemmtileg. Nemendur lærðu mikið af þessu verkefni, m.a. ný dönsk orð og að rita texta á dönsku. Var þetta verkefni kærkomin tilbreyting í dönskunáminu.

## Evrópa

Verkefnið var paravinna og fékk hvert par eitt land í Evrópu til þess að kynna sér. Nemendur áttu að afla sér þekkingar á landinu og setja upplýsingarnar í bækling í umbrotsforritinu Publisher. Það sem þurfti m.a. að koma fram í bæklingnum var fáni, tungumál, landslag, gróðurfar, helstu auðlindir og hvað landið er þekkt fyrir. Þeir bjuggu líka til landakassa þar sem þeir lýstu helstu einkennum landsins með úrkippum og hlutum. Í cassann átti að reyna að koma fyrir öllum þeim upplýsingum sem nemendur söfnuðu í bæklinginn. Í lokin kynnti hvert par bæklinginn sinn og kassa og sett var upp sýning fyrir foreldra.

## Leifur heppni

Á vorönn var fjallað um Landnámið og Leif heppna. Lögð var áhersla á sampættingu milli námsgreina og verk nemenda gerð sýnileg. Nemendur hönnuðu meðal annars sína eigin portfólíomöppu eftir sögunni í máli og myndum. Þeir kynntu verkefni sín og nýttu tölvutækni til að finna upplýsingar. Í lok vinnunnar var sett upp sýning á fjölbreyttum verkefnum nemenda sem foreldrum var boðið að skoða og í sameiginlegt kaffisamsæti.

## Námsleikir

Kennararnir telja að námsleikir geti verið heppilegar kveikjur, stuðlað að æskilegri fjölbreytni og skapað skemmtilega tilbreytingu í kennslustundum. Námsleikir voru notaðir í upphafi, miðju eða lok kennslustunda. Ingvar Sigurgeirsson hélt kynningu um leiki og notkun leikja í skólastarfi. Kennarar fengu að spreyyta sig á leikjunum og voru allir sammála um að þetta hefði verið mjög lærdómsríkt og myndi nýtast vel í kennslunni. Fjölmargir leikir voru notaðir í verkefninu og eru hér dæmi um nokra leiki sem notaðir voru

- **Finna breytingar.** Leikur sem þjálfar athygli, einbeitingu, eftirtekt og minni.
- **Ég fór út í búð og keypti mér ...** Markmið með þessum leik er að þjálfa einbeitingu, eftirtekt, minni, hlustun, þor og hópefli.
- **Dönskuleikur.** Í þessum leik lærðu nemendur að kynna sig á einfaldan hátt á dönsku, skilja einfaldar spurningar og byggðu upp þor.
- **Spurningakeppni – Útsvar.** Markmiðið með leiknum er að rifja upp námsefni vikunnar á skemmtilegan hátt.

## **Skólaheimsóknir**

Þáttakendur höfðu mikinn áhuga á að kynna sér starf í öðrum skólum í leit að skapandi og spennandi verkefnum. Farið var í fjórar skólaheimsóknir, þrjár sem tengdust þessu verkefni beint og eina sem var skipulögð af Fræðsluskrifstofu Reykjaneshæjar og nýtt var í þetta verkefni. Þessir skólar voru Hamraskóli í Reykjavík, Vatnsendaskóli í Kópavogi og Holtaskóli í Reykjaneshæ. Einnig var Grunnskólinn í Þorlákshöfn heimsóttur á vegum Fræðsluskrifstofunnar.

Kennarar voru mjög ánægðir með heimsóknirnar. Það var margt sem vakti athygli þeirra og ýmislegt sem þeir gátu nýtt sér þegar heim var komið. M.a. breyttu nokkrir kennarar uppröðun borða í stofunni sinni þar sem þeir höfðu séð gott fyrirkomulag í einum skólanum. Nokkrir sáu góða útfærslu á hringekjuforminu og nýttu sér það, aðrir sáu eftirtektarverð amboð í íslensku á veggjum og unnu slík fyrir sinn nemendahóp svo eitthvað sé nefnt.

### **3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Ekki var mikil um frávik frá upphaflegri áætlun verkefnisins. Þess ber þó að geta að í verkáætlun var gert ráð fyrir að kennarar ynnu matskvarða til að meta skapandi starf. Sú vinna er hafin en ekki vannst tími til að ljúka henni. Á næsta skólaári verður unnið að því að fullgera matslistana.

### **4. Helsti ávinningur við verkefnið**

Ávinningur af verkefninu var mikill að mati kennaranna. Samstarf bóknámskennara efldist til muna og umræður þeirra á milli leiddu til aukinnar fagmennsku. Verkefnið hvatti kennara til að endurskoða skipulag á kennslunni, prófa nýja kennsluhætti og skapa nemendum fjölbreyttari námsaðstæður.

Kennarar útbjuggu verkefni sem höfðu það aðalmarkmið að efla áhuga nemenda á námi. Þau verkefni eru nú vísis að hugmyndabanka með skapandi verkefnum sem halddið verður áfram að safna í.

Fjölbreytt skólastarf kemur til móts við þarfir ólíkra nemenda og kallar fram fjölbreytta hæfileika þeirra.

Kennarar voru tilbúnari en áður til að leggja námsbækurnar til hliðar fyrir meiri skapandi vinnu þar sem hugsað var meira um markmiðin sem átti að ná heldur en að kenna „ákveðnar bækur“ eins og einn kennari orðaði.

Það er mat kennaranna að nemendur hafi orðið sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þeir lærðu ný vinnuferli sem felast í skapandi verkefnum og fengu þjálfun í að skila verkefnum á fjölbreyttan hátt.

Áhugi nemenda á þeim skapandi verkefnum sem unnin voru er staðfesting á því að slík verkefni verða eftirminnilegri fyrir nemendur og þar af leiðandi líklegri til að skila auknum áhuga og bættum námsárangri.

Eitt af jákvæðum atriðum sem kennarar nefna er að með skapandi verkefnum efldist gagnrýnin hugsun nemenda, þeir rökræddu, skoðuðu hlutina frá mismunandi sjónarhornum og leituðu lausna á viðfangsefnum.

Mikilvægur ávinnungur verkefnisins er að kennarar voru ánægðir með hvað faglegt samstarf efldist þeirra á milli, skólastarfinu öllu til heilla. Þeir hafa mikinn vilja til að halda verkefninu áfram á næsta skólaári, þráð það og bæta.

## 5. Mat á verkefninu

Kennarar eru sammála um að verkefnið hafi skilað mjög góðum árangri fyrir skólastarf á miðstigi.

Í starfsmannasamtölum sem skólastjórar höfðu við kennarana á vorönn og á matsfundi sem haldinn var í lok verkefnisins kom vel fram að allir kennararnir voru afar ánægðir með verkefnið. Þeir sögðu að það hefði efti fagmennsku þeirra sjálfra og að áhugi nemenda á náminu hefði aukist.

Kennararnir telja að fundirnir sem haldnir voru hafi verið mjög gagnlegir og reynst góður vettvangur fyrir faglegar umræður. Kennarar deildu reynslu sinni og viðhorfum, ræddu opinskátt um það sem vel hafði tekist og eins það sem betur hefði getað gengið.

Það er mat kennara að skapandi vinna hafi jákvæð áhrif á skólastarfið og að áhugi nemenda væri mun meiri í slíkri vinnu. Í könnun Skólapúlsins (sem náði til nemenda í 6.–10. bekk) í veturn kemur fram að nemendur í 6. og 7. bekk skólans telja að þeir séu mun virkari í tímum en jafnaldrar þeirra í þáttökuskónum Skólapúlsins. Einnig kemur fram að nemendum í 6. og 7. bekk finnst samband sitt við kennarann sinn mun betra en í samanburðarskólunum og líðan þeirra er einnig mun betri.

Í skriflegri viðhorfakönnun sem gerð var meðal nemenda í lok verkefnis kom fram mikil ánægja með skapandi viðfangsefni. Nemendur voru mjög jákvæðir, þeim fannst þeir læra mikið, fannst gaman af skapandi viðfangsefnum og flestir sögðust vilja hafa meira af slíkri vinnu.

Í samtölum kennara við nemendur kom fram mikil ánægja og kölluðu nemendur eftir viðfangsefnum sem fólu í sér skapandi vinnubrögð. Margir nemendur sem höfðu ekki sýnt náminu nógu mikinn áhuga blómstruðu í fjölbreyttum vinnubrögðum.

Í samtölum við kennara og stjórnendur létu fjölmargir foreldrar í ljós mikla ánægju með aukna skapandi vinnu og meiri fjölbreytni í kennsluháttum. Verkefnið var tilnefnt til hvatningarverðlauna Fræðisluráðs Reykjaneshæjar í vor en í umsögninni segir „Fjölbreyttir kennsluhættir á miðstigi hafa leitt af sér ánægðari og vinnusamari nemendur. Unnið hefur verið í hópavinnu og nemendur hlakka til að mæta í skólann og vinna verkefni.“

Um miðjan febrúar skiliðu kennararnir sem tóku þátt í verkefninu samantekt til skólastjórnenda um það hvernig þeir hafa leitast við að efla lesskilning nemenda í öllum bóklegum greinum. Í gögnunum má glöggt sjá að mikil vinna hefur farið fram og í öllum bóklegum greinum er nú unnið á fjölbreyttan hátt að því að bæta lesskilning. Þess er vænst að niðurstöður námsmats á næstu árum sýni að verkefnið hefur borið árangur.

Það er mat stjórnenda skólans að verkefnið Skapandi skólastarf – áhugasamir nemendur hafi gengið mjög vel og skilað góðum árangri. Kennarar voru mjög áhugasamir og efldust faglega eftir því sem leið á

verkefnið. Nemendur sýndu góðan árangur í skapandi vinnu, voru áhugasamir og skiliðu fjölbreyttum verkefnum.

## 6. Niðurstöður verkefnisins

Með þróunarverkefninu skapaðist góður vettvangur fyrir faglegar umræður og skoðanaskipti um nám og kennslu. Stuðningur frá samkennurum og traust innan hópsins hefur aukist. Eftir því sem leið á verkefnið reyndist kennurum auðveldara að ræða kennsluaðferðir sínar og deila reynslu sinni og hugmyndum með samkennurum.

Verkefnið leiddi til þess að kennrar skoðuðu starfshætti sína og ræddu hlutina út frá öðru sjónarhorni en áður. Mörgum fannst krefjandi að fara í slíka sjálfskoðun en voru sammála um að sú vinna hafi skilað mjög góðum árangri. Á matsfundinum í lok verkefnisins kom m.a. fram að allir kennrar telja að kennsluhættirnir hafi orðið markvissari og fjölbreyttari og náð að vekja áhuga nemenda.

Námsmat verður notað til samanburðar næstu skólaár til þess að meta hvort meiri skapandi vinna skili sér í bættum námsárangri.

Stjórnendur skólans telja að skapandi starf hafi verið öflugt í vetur og mikil fjölbreytni í verkefnum á miðstigi. Þeir hafa ákveðið að áfram verði unnið að verkefninu á næsta skólaári enda litið á það sem upphaf á áframhaldandi þróunarvinnu.

## 7. Kynning á verkefninu

Haustið 2011 var verkefnið kynnt fyrir foreldrum í 4.–7. bekk og einnig var kynningarfundur haldinn fyrir starfsfólk skólans. Verkefnið var kynnt fyrir skólaráði sl. haust og lokaskýrslan verður kynnt fræðslustjóra og skólaráði í lok skólaárs.

Skýrsla þessi verður vistuð á heimasíðu skólans undir þróunarverkefni.

---

Undirskrift verkefnisstjóra

---

Undirskrift verkefnisstjóra

---

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla